**Nd.** **233. Breytingartillögur** [152. mál]

við frv. til laga um biskupskosningu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. 8. gr. orðist svo:
   Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.
   Kirkjumálaráðherra getur heimilað, að stjórn Prestafélags Íslands tilnefni á árinu 1981 aðalmann og varamann í kjörstjórn biskupskosninga til þess tíma, er greinir í 3. gr. 2. málsgr.
2. Aftan við frumvarpið komi ákvæði til bráðabirgða, er hljóði svo:
   Kjörnir leikmenn samkv. 2. og 3. tl. 2. gr. skulu eigi öðlast kosningarrétt við biskupskjör fyrr en leikmenn hafa verið kjörnir til kirkjuþings 1982, þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. tl. 2. gr.